



Mennta- og barnamálaráðuneytið
mrn@mrn.is

Sent á Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 31. október 2022

Efni: Umsögn SI um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun.

Í inngangi menntastefnu til ársins 2030 er fjallað um að framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar velti á samkeppnishæfni og sjálfbærni íslenska menntakerfisins. Samtök iðnaðarins (SI) taka undir það sjónarmið enda er öflugt menntakerfi ein af meginstoðum samkeppnishæfni landa.

Í aðgerðaáætlun menntastefnunnar er kveðið á um uppbyggingu heildstæðrar skólaþjónustu á grundvelli þrepaskipts stuðnings til að tryggja jafnrétti til náms og þjónustu við nemendur óháð búsetu. SI taka undir með mennta- og barnamálaráðuneytinu að nauðsynlegt sé að setja ný heildarlög um skólaþjónustuna því þó svo að kveðið sé á um skólaþjónustu í gildandi reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla, þá er hennar hvergi getið í lögum um framhaldsskóla.

SI fagna jafnframt áformum um nýja þjónustustofnun um skólaþróun og skólaþjónustu með áherslu á stuðning við skólasamfélagið og tekur undir að nauðsynlegt sé að aðgreina stuðning og þjónustu frá eftirliti og greiningum, sem Menntamálastofnun sinnir nú. Hins vegar telja SI að skýra þurfi hvar verkefni á sviði iðn- og starfsnáms skuli staðsett í þessu nýja fyrirkomulagi því hvergi er minnst á iðn- og starfsnám í áformum um frumvörpin og lýsa SI sig hér með reiðubúin í samtal og samstarf þar að lútandi.

Innan SI eru fyrirtæki í menntatækni en fyrirtæki í þeim iðnaði hafa átt erfitt uppdráttar hér á landi vegna ráðandi hlutar Menntamálastofnunar í námsgagnagerð. SI leggja áherslu á að við endurskoðun laga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun verði stefnt á að hvetja til eðlilegrar samkeppni á menntatæknimarkaði og kennarar og fagaðilar fái að velja þau náms- og kennslugögn sem nýta á í kennslu. Í frummati á fjárhagsáhrifum af lagasetningu um nýja stofnun er því ranglega haldið fram í kafla C, lið 3, að lögin muni ekki hafa nein áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni. Staðreyndin er sú að núverandi lög eru samkeppnishamlandi og tilefni er til þess að endurskoða hvernig úthlutun á fjármagni til námsefniskaupa innan skólanna er háttáð í nýjum lögum. Menntatækni er blómstrandigrein í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við en hefur ekki náð föttestu hér á landi vegna hindrana í löggjöf. SI hvetja stjórnvöld til þess að sækja tækifærin sem felast í aukinni nýtingu á menntatækni í grunn- og framhaldsskólum, skólakerfi og samfélagi til heilla.

Virðingarfyllt,

Sigríður Mogensen

viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI